

FUNDARGERÐ

385. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 7. febrúar 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Helgi Pétursson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Hugmyndir LEB um starfsemi

Dreift var hugmyndum stjórnar LEB um starfsemi Landssambandsins og hugsanlegum breytingum þar á. Vonbrigði stjórnar FEB hvernig LEB hefur staðið sig og sérstaklega þá í aðdraganda og við samþykkt almannatryggingarfrumvarpsins. Áhersla er á umboð stjórnar og úrsögn með fyrirvara.

2. Undirbúningur aðalfundar

Sjálfkjörið er í stjórn félagsins skv. tillögu uppstillingarnefndar. Framkvæmdastjóri lagði fram ársreikning FEB 2016. Reikningur samþykktur og undirritaður. Samþykkt að koma fram með tillögu um um árgjald ársins fari í 4200 kr sem þýðir um 2 milljónir í viðbótartekjur fyrir félagið ef samþykkt verður.

Samþykkt framkomin tillaga um að gera þau Matthildi Guðmundsdóttur, Jón Frey Þórainsson, Finn Finnson og Jón R. Hjálmarsson að heiðursfélögum, *fyrir óeigingjörn og vel unnin störf í þágu félagsins.*

3. Opnun tilboða í Árskóga – uppsteypu og lok

Fjögur verðtilboð bárust byggingarnefnd í uppsteypu Árskóga 1-3.

Frá fyrirtækjunum, MótX, JÁ verk, LNS Saga og Mótandi. Verð voru á bilinu 1.9 – 2.4 milljarðar króna. Unnið er yfirferð og samanburði verða.

4. Afsláttarbókin

Ný fyrirtæki bætast við og önnur detta út eins og gerist. Bókin er enn í vinnslu fyrir FEB eingöngu. Ekkert hefur heyrst frá LEB né öðrum félögum eldri borgara um vilja til aðkomu.

5. Verðlagseftirlit og samstarf við NS

Því miður var kynningarfundurinn um verðlagsmál og starfsemi NS allt of fámennur. Samstarf FEB og NS verður eftt á næstunni.

6. Ferðir á vegum FEB

Búið er að kalla ferðanefnd félagsins saman og nokkrar ferðir er mótaðar. Rætt um samstarf við aðila m.a. Thomas Cook.

7. Önnur mál

Brynjólfur sem situr sinn síðasta stjórnarfund, kom inn á hugmyndir sínar og sýn á fasteignagjöld og hvernig auðvelda ætti fólki að búa sem lengst í eigin húsnæði með hóflegri gjaldtöku og greiðslu fyrir þá þjónustu sem hver einn fær en ekki skattlagðir eftir stærð húsnæðis. Stefnan í Scandinavíu að fólk búi sem lengst í sínu húsi. Jafnframt kom Brynjólfur inn á niðurfellingu grunnlífeyris og þann sparnað sem ríkisvaldið hefur og svo skerðingu frítekmurmarka. Fara þarf í áhrif nýrra laga um kjararáð sem taka gildi í vor.

Ályktanir á aðalfundinn; Úrsögn úr LEB / Hjúkrunarheimilisvandi.

Áréttað var með flutningsmann tillögunnar um LEB og að síðustu póstsendingar stjórnar LEB beri ekki með sér vilja til breytinga.

Tillaga frá Ernu og Helga um undirbúning að málshöfðun þar sem látið verður á það reyna hvort það standist stjórnarskrá, að ríkið skerði lífeyri með þeim hætti sem það er gert. Hér kemur inn á afnám ellilífeyris og innheimtu iðgjalda almtr.gjalds í áratugi. Samþykkt að kanna með tilefni og tilhögun slíkrar málshöfðunar.

Myndataka og fundi slitið kl. 12.40.